

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Reykjavík, 2. júní 2025

Málsnúmer: MSS25040019

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ráðningar sviðsstjóra

Á fundi borgarráðs 3. apríl 2025 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ráðningar sviðsstjóra:

Hve margir stjórnendur sem bera starfsheitið sviðsstjóri eða skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurborg hafa verið ráðnir frá 1. janúar 2023? Óskað er eftir yfirliti eftir skrifstofum þar sem fram kemur nafn, starfsheiti, starfsreynsla og full menntun frá útskrift úr mennta- eða fjölbrautaskóla þeirra sem ráðnir voru. Þá er óskað upplýsinga um það hvort starfið hafi verið auglýst og hve margir umsækjendur voru um hvert starf.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið aflaði upplýsinga hjá fag- og kjarnasviðum um ráðningar í störf sviðsstjóra og skrifstofustjóra á viðkomandi sviði frá 1. janúar 2023. Alls var ráðið í 11 störf skrifstofustjóra og sviðsstjóra á tímabilinu 1. janúar 2023 – 31. maí 2025. Í töflu 1 í fylgiskjali má sjá upplýsingar um þá sem ráðnir voru í störf, menntun og starfsreynslu þeirra.

Virðingarfyllst,
Lóa Birna Birgisdóttir
Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Hjálagt:

Fylgiskjal 1. Yfirlit yfir ráðningar í störf skrifstofustjóra og sviðsstjóra frá 1. janúar 2023



Fylgiskjal 1. Yfirlit yfir ráðningar í störf skrifstofustjóra og sviðsstjóra frá 1. janúar 2023 MSS25040019

Nafn	Svið	Starfsheiti	Menntun	Starfsreynsla	Var starfið auglýst	Fjöldi umsækjenda um starf
Steinþór Einarsson	MÍR	Sviðsstjóri	Íþróttakennarapróf sem grunn og framhaldsskólakennari frá íþróttakennaraskóla Íslands, Diplóma í markaðs- og útflutningsfræði frá EHÍ.	Íþróttakennari í þrjú ár, íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkurborga í 34 ár þar af 25 ár skrifstofustjóri rekstrar- og þjónustu hjá ÍTR, skrifstofustjóri stjórnsýslu og gæða á menningar- og íþróttasviði frá árinu 2023, starfandi sviðsstjóri frá nóvember 2024.	já	54 umsóknir 12 drógu til baka
Steinn Jóhannsson	SFS	Sviðsstjóri	M.A. gráðu í sagnfræði frá University of Louisiana at Monroe og B.A. gráðu frá sama skóla í stjórnmálafræði og sögu, uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands og lagði auk þess stund á doktorsnám í uppeldis- og menntunarfræði við sama skóla.	Rektor Menntaskólans við Hamrahlíð í sex ár ogkonrektor við sama skóla í eitt ár. Skólameistari Fjölbautaskólans í Ármúla í fimm ár. Forstöðumaður kennslusviðs Háskólans í Reykjavík í tíu ár. Áður kenndi Steinn í bæði grunn- og framhaldsskóla og sinnti auk þess stundakennslu við Háskóla Íslands.	já	22 umsóknir 4 drógu til baka
Ólafur Sólímann Helgason	ÞON	Skrifstofustjóri upplýsinga- tækniþjónustu	BS.c í viðskiptafræði frá HÍ, M.ed í kennslufræði frá sama skóla, IMPC vottun í verkefnastjórnun og er langt kominn með meistaranám í alþjóðaviðskiptum við HÍ.	Skrifstofustjóri og kennari í Fellaskóla á árunum 2008-2011, 5 ár deildarstjóri í Epli, viðskiptastjóri hjá Endurmenntun HÍ. Á árunum 2017-2023 starfaði Ólafur sem verkefnastjóri, teymisstjóri og deildarstjóri hjá Reykjavíkurborg.	Já	19 umsóknir



Nafn	Svið	Starfsheiti	Menntun	Starfsreynsla	Var starfið auglýst	Fjöldi umsækjenda um starf
Helga Friðriksdóttir	MÍR	Skrifstofustjóri íþróttaborgar	Meistarapróf í mannauðsstjórnun og vinnusálfræði og MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík auk þess hefur hún B.Sc próf í verkfræði frá Háskóla Íslands.	Síðastliðin ár hefur hún starfað sem rekstrarstjóri mannvirkja í Úlfarársdal og borið ábyrgð á rekstri miðstöðvar mennta, menningar og íþróttar í Úlfarsárdal og Grafarholti. Áður starfaði Helga sem forstöðumaður þjónustusviðs Öskju . Þá starfaði Helga sem forstöðumaður bíla- og tækjafjármögnunar hjá Landsbankanum og sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði og forstöðumaður í endurskipulagningu eigna. Helga var framkvæmdastjóri smásölusviðs Olís .	Já	47 umsóknir
Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir	MÍR	Skrifstofustjóri menningarborgar	BA gráða í félags- og uppelðisfræði frá Köbenhavns pædagogseminarium og diplómu í kennslu, handverki og hönnun	Hefur starfað sem sérfræðingur á skrifstofu menningar og fjölmiðla hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá árinu 2013, frá árinu 2022 sem sérfræðingur hjá menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Var verkefnastjóri Evrópsku kvikmyndaverðlana 2021-2022. Starfaði áður sem verkefnastjóri barnamenningar á skrifstofu menningar- og ferðamálasviði hjá Reykjavíkurborg og sem verkefnastjóri á skrifstofu ÍTR.	Já	30 umsóknir 17 drógu til baka
Arndís Steinþórsdóttir	SFS	Skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla	Meistaragráða í menningar- og menntastjórnun frá Háskólinn á Bifröst. B.Ed próf frá Listaháskóla Íslands.	Skólastjóri í 8 ár, aðstoðarskólastjóri/staðgengill skólastjóra í tvö ár, deildarstjóri í fimm ár, kennari í 6 ár.	Já	18 umsóknir 4 drógu til baka



Nafn	Svið	Starfsheiti	Menntun	Starfsreynsla	Var starfið auglýst	Fjöldi umsækjenda um starf
Sigprúður Erla Arnardóttir	VEL	Skrifstofustjóri ráðgjafapjónustu	BA gráða í sálfræði frá Háskóla Íslands, MA gráða í klínískri sálfræði, fjölskylduráðgjöf og sáttarmiðlun frá Pepperdine University, Rekstrar- og viðskiptanám frá Endurmenntun Háskóla Íslands og tveggja ára nám í hugrænni atferlismeðferð	Framkvæmdastjóri Vesturmiðstöðvar (áður þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða) frá 2016-2025. Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða 2015-2016. Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar (Vesturgarður) 2014-2016. Deildarstjóri sérfræðisviðs hjá þjónustumiðstöð Vesturbæjar frá 2005-2014 (leysti af sem framkvæmdastjóri í u.þ.b. í 3 ár). Sviðsstjóri sérfræðisviðs hjá Miðgarði (Fjölskylduþjónusta Grafarvogs) frá 2002-2005	Já	20 umsóknir
Berglind Magnúsdóttir	VEL	Skrifstofustjóri öldrunarmála	Embættispróf í sálfræði (cand.psych) frá Århus Universitet og tveggja ára nám í hugrænni atferlismeðferð og stjórnunar- og leiðtoganám frá Bloomberg Harvard Leadership Initiative.	Forstöðumaður heimaþjónustu Reykjavíkur frá 2009-2017, skrifstofustjóri þjónustu heim á velferðarsviði Reykjavíkurborgar frá 2017-2021 þar sem hún bar ábyrgð á málaflokkum sem sneru að þjónustu við aldraða og fatlað fólk sem og öllum húsnæðismálum velferðarsviðs, s.s. félagslegu húsnæði fyrir fatlað fólk, heimilislausa og aldraða. Skrifstofustjóri öldrunarmála á velferðarsviði frá 2021-2022. Verkefnastjóri hjá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu frá 2022-2024 og frá 2024-2025 hjá heilbrigðisráðuneytinu sem verkefnastjóri verkefnisins Gott að eldast, þar sem hún ber ábyrgð á gerð og innleiðingu aðgerðaráætlunar um þjónustu við eldra fólk.	Já	14 umsóknir



Nafn	Svið	Starfsheiti	Menntun	Starfsreynsla	Var starfið auglýst	Fjöldi umsækjenda um starf
Pyrí Halla Steingrímsdóttir	VEL	Skrifstofustjóri Barnaverndar	Hæstaréttarlögmaður 2012. Héraðsdómslögmaður 2005. Cand.jur frá lagadeild Háskóla Íslands 2004. Alþjóðleg D-vottun verkefnastjóra í kjölfar náms, Verkefnastjórnun og leiðtogafærni (VOGL) á vegum Nordica Ráðgjafar og Símenntun Háskólans á Akureyri. Navigational Coaching 2013	Meðeigandi Lögfræðistofu Reykjavíkur frá 1. apríl 2016 Í stjórn Lögfræðistofu Reykjavíkur 2016-2019. Meðeigandi Acta lögmannsstofu frá 1. janúar 2011 – 1. apríl 2016 Framkvæmdastjóri Acta lögmannsstofu 2012-2013.	Já	5 umsóknir
Brynjar Þór Jónasson	USK	Byggingarfulltrúi Reykjavíkur	Húsasmíðameistari með diplómagráðu í byggingariðnfræði með BSc. gráðu í byggingafræði frá Háskólanum í Reykjavík, MSc. gráðu í skipulagsfræðum frá Landbúnaðarháskóla Íslands, viðbótadiplóma í opinberri stjórnsýslu 2019 og MPA gráðu frá Háskóla Íslands 2024.	Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðabæjar 2015 – 2019. Sviðsstjóri öryggis og tæknisviðs Vinnueftirlits ríkisins 2019-2021. Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar 2021-2023 og sem slíkur hefur borið ábyrgð á öllum skipulags- og byggingamálum, umhverfismálum, rekstri eignasjóðs, rekstri veitustofnana Seltjarnarnesbæjar. Þá er hann húsasmíðameistari og var á árum áður með sjálfstæðan rekstur.	Já	6 umsóknir 1 dró til baka
Tómas G. Gíslason	USK	Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Rvk	B.Sc. gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. gráðu frá RMIT University í Melbourne, Ástralíu	Tómas starfaði frá 2001 til 2008 sem heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirlitinu í Reykjavík og sinnti þar margvíslegum verkefnum á sviði mengunarvarna. Frá 2008 til 2022 sem umhverfisstjóri hjá umhverfissviði Mosfellsbæjar.	Já	22 umsóknir 1 dró til baka